

**/95Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 2/98
frá 30. janúar 1998**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/97 frá 29. maí 1997⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 frá 11. júní 1997 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Þörf er á að aðlaga XIII. viðauka í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85) í XIII. viðauka við samninginn:

a) bætist við eftirfarandi undirliður:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 270, 2. 10. 1997, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 41, 2. 10. 1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 154, 12. 6. 1997, bls. 21.

„- **397 R 1056:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 frá 11. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 154, 12. 6. 1997, bls. 21).“;

b) falli aðlögunarliður a) og upphafssetningin niður.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. janúar 1996.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner